

Fundargerð 44. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 23. maí 2018, kl. 8:30 í fundarsal SSS, Skógarbraut 945, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Kjartan Már Kjartansson, Magnús Stefánsson, Fannar Jónasson, Berglind Kristinsdóttir, Guðjón Þ. Kristjánsson, Ásgeir Eiríksson, Atli Sigurður Kristjánsson, Kristín Vala Matthíasdóttir og Sigrún Elefsen
Starfsmenn: Eggert Sólberg Jónsson (verkefnastjóri) og Þuríður H. Aradóttir

1. Ársreikningur 2017

Ársreikningur 2017 lagður fram og samþykktur samhljóða.

2. Breytingar á samþykktum Reykjanes Geopark

Verkefnastjóri leggur fram eftirfarandi breytingu á samþykktum félagsins:

Í stað eftirfarandi málsgreinar í 7. grein samþykktanna:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.*
- *Tveir stjórnarmenn og tveir til vara skulu tilnefndur sameiginlega af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga.*
- *Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.*

Komi eftirfarandi málsgrein:

Stjórn skal skipuð 7 mönnum og 7 til vara tilnefndum á aðalfundi. Stjórnin skal skipuð til 1 árs í senn með eftirfarandi hætti:

- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Reykjanesbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Grindavíkurbæjar.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af hálfu Sveitarfélagsins Voga.*
- *Einn stjórnarmaður og annar til vara skal tilnefndur af sameinuðu sveitarfélagi Sandgerðisbæjar og Sveitarfélagsins Garðs.*
- *Þrír stjórnarmenn og þrír til vara skulu tilnefndir sameiginlega af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni.*

Í 15. gr. samþykktanna er fjallað um breytingar á samþykktunum. Samkvæmt því þarf samþykki allra stjórnarmanna á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki 2/3 hluta fundarmanna á aðalfundi til að breytingin geti tekið gildi.

Tillagan er samþykkt samhljóða og vísað til síðari umræðu á næsta fundar stjórnar samanber 15. gr. samþykkt félagsins.

3. Geopark-vika 2018

Dagskrá Geopark-viku sem að fram fer dagana 4.-9. júní 2018 í sjötta sinn lögð fram. Dagskráin verður með svipuðu sniði og áður og verður kynnt íbúum á svæðinu með fréttabréfi og gegnum samfélagsmiðla.

4. Styrkur úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Reykjanes Geopark fékk styrk að upphæð 12.839.200 kr. úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til þess að útbúa göngustíg upp Bæjarfell að Reykjanesvita. Samið hefur verið við verktaka um framkvæmdir í sumari sem byggja á teikningum landslagsarkitekta.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:30.

Fundargerð ritaði: ESJ